

Fundargerð 174. fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 13. apríl kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Valbjörn Jón Höskuldsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Helgi Már Sigurgeirsson,
Fjarfundur: Tinna Magnúsdóttir og Símon Guðvarður Jónsson
Fjarverandi: Agnar Ólason og Pétur Freyr Jónsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 173.
2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.
3. Samvinna á Stórhöfða.
4. Staða ASÍ.
5. Styrkbeiðnir.
6. Lagt fram til upplýsingar.
7. Önnur mál.

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 173.

Fundargerð 173. fundar samþykkt

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.

Fundur Norræna vélstjórásambandsins (NMF) á Svalbarða.

Þema fundarins var alþjóðareglur um mengunarvarnir. Fundurinn var haldinn á Svalbarða vegna aukinnar umferðar skipa um svæðið og aukinnar áherslu á alþjóðasamþykktir um mengunarvarnir vegna þessa. Á Svalbarða er háskóli sem vinnur að rannsóknum um áhrif loftlagsbreytinga og athugunum á því hvernig koma megi í veg fyrir mengunarslys á svæðinu. Í því sambandi er t.d. unnið að því að kortleggja slys á hafsvæðinu, með það að markmiði að greina hvað olli slysinu svo koma megi í veg fyrir að samskonar slys verði aftur. Starfsmaður Norska félagsins, Odd Rune, vinnur að mestu með hinum ýmsu alþjóðastofnunum sem vinna að alþjóðasamþykktum og er alltaf fræðandi að heyra hann fara yfir málin, en það eru a.m.k. sex alþjóðastofnanir vinna að hinum ýmsu málefnum. Odd fór yfir þær kröfur sem alþjóðasamþykktir setja um mengunarvarnir, sérstaklega á norðursvæðinu, og það sem er í gangi með mannlaus eða lítið mönnum skip.

Umræður urðu um mannlaus skip og sáu fundarmenn ekki fyrir sér að farþegaskip yrðu mannlaus það væri þá frekar flutningaskip í t.d. innanlandssiglinum freka en á úthafinu.

Kjaramálin.

Samið við orkufyrirtækin, nema Orkubú Vestfjarða, í seinni hluta mars. Allir samningar voru samþykktir nema hjá Landsvirkjun þar sem samningurinn var felldur. Ástæða þess eru ákveðin innanhúsmál þar og hafa fundir með Landsvirkjun ekki gengið vel. Formaður og formaður RSÍ, freistuðu þess að ná niðurstöðu með því að funda með forstjóra og mannauðsstjóra Landsvirkjunar. Sá fundur gekk ekki vel. Þátttaka í kosningum vegna þessara samninga var mjög góð og niðurstaða þeirra allra var afgerandi.

Umræður um kjarviðræðurnar undanfarið og kosningar um samningana. Ánægja var með framkvæmd rafrænu kosninganna og þátttöku í þeim. Þó samningur sé felldur í atkvæðagreiðslu, þá á það ekki að vera áfellingisdómur yfir samninganefndum, eins og ýmsir stjórnarmenn heyra frá félagsmönnum. Samningur er settur í kosningu þegar samninganefnd telur sig ekki ná lengra, án átaka. Það er svo þeirra sem starfa á samningnum að meta ágæti hans. Ef þeir eru ekki ánægðir og fella samninginn þá má túlka það sem vísbendingu um að þeir séu tilbúnir í átök.

Fiskimannasamningur var felldur og engar viðræður eru í gangi. Formaður sagði að VM og Sjómannasamningur og vélstjórafélag Grindavíkur vilja funda með SFS t.d. í maí. Þann fund þarf að undirbúa sig vel. Einnig er það svo að kvótaárið er að verða búið og því má ætla að einhverjar útgerðir mundu fagna verkfalli núna.

Bent var á að hugsanlega verði verkfall ekki samþykkt því laun sjómanna eru há núna, vegna góðra verða á afurðum. Helgi benti á að ef menn ætla ná einhverju fram, þarf líklega aðgerðir. Afkoma útgerða er góð og því tækifæri vegna þess.

Umræður um fiskimannasamninginn og atriði í samningnum: hækkun í lífeyrissjóð, sem sjómenn greiddu að hluta, tímalaun, sem eru ekki talin nógu há. Ákvæði um breytingar á veikindarétti eru mjög viðkvæmt og það sama gildir um breytingar á skiptaprósentu. Einnig var samningstíminn, 10 ár, óvenju langur. Almennt má segja að samningurinn hafi verið flókinn þar sem breyta átti mörgum viðkvæmum atriðum. Það hefði líklega átt að vinna texta samningsins og kynningu betur. Bent var á að texti samningsins hafi komið allt of seint fyrir samninganefndina.

Velt var upp möguleikanum á að segja upp sérsamningum um t.d. hafnarfrí. Sérstaklega á ísfiskurum. hvað þá varðar eru þeir hluti af lengri virðisbætur sem mundi ruglast með hafnarfríum, svo það mundi koma við útgerðirnar. Formaður telur að þá þurfi allir að vera með því öll áhöfnin kys um þessa samninga.

Að láta samning fiskimanna fara í gerðadóm eða miðlunartillögu er tvísýnt því þá þarf gerðadómurinn og Sáttasemjari að tína til kröfur beggja aðila og vinna úr þeim. Þá gætu þessir aðilar tínt til atrið frá útgerðarmönnum sem sjómönnum líkar ekki.

Það næsta í stöðunni varðandi samning við SFS er að kanna hug mann annað hvort með fundarferð eða að senda úr könnun.

Viðræður vegna samninga VM við Hafró og LHG eru ekki hafnar. Erfiðlega gengur að fá fundi með SA um samning fyrir kaupskip og vegna útsýnisferða. Hvað samning fyrir útsýnisferðir varðar þá verður viðræðum um hann vísað til Sáttasemjara ef ekki kemur svar frá SA í dag (13. apríl). Þar lá fyrir hækkun á töxtum í samræmi við hækkun í almennu samningum, en þeir aðilar hafa ekki náðst að borðinu til að ganga frá samningi.

Hvað varðar Hafró hafa innanhúsmál tafið endurskoðun stofnanasamnings vegna ágreinings um vinnuskil. Vélstjórnarnir þar eru á pakkalaunum og túlkar stofnunin það svo þau laun dekki alla vinnu, þ.á.m. útköll á meðan skipin liggja í höfn, þó að vinnutíminn, sem pakkalaunin byggja á, sé skilgreindur í samningum. Mál vegna þessa eru hjá lögfræðingi.

Faxaflóahafnir hafa leigt bát hjá Björgunarsveitinni Ársæl til að skutla Hafsögumönnum í farþegaskip vegna mikils fjölda farþegaskipa. Misjafna skoðanir vélstjóra hjá FFH en formaður telur ótækt að spara mannskap með því að láta sjálfboðaliða vinna störf.

Tveir fundir hafa verið vegna samnings við sveitarfélög og myndin að skýrast en samningar hjá ríkinu munu hafa áhrif þar og því hefur verið beðið eftir niðurstöðum þeirra samninga.

Afhending sveinsbréfa. Tæplega 50 sveinar fengu afhent sveinsprófsskírteini þann 28. mars sl. og þar af voru tvær konur. Alltaf ánægjulegt að sjá konur útskrifast úr okkar greinum.

Framundan eru fundir fulltrúaráða Gildis og Birtu vegna breytinga á útreikningum lífeyrissjóðanna. Í maí þarf að halda fund fulltrúaráðs VM til að velja í fulltrúaráð Birtu Lífeyrissjóðs. Þar á VM 10 fulltrúa og tíu til vara og við þurfum að manna það og þurfa fulltrúarnir að vera félagar í Birtu. Hefðin er að leita fyrst til þeirra sem eru í ráðnu og ef einhverjir detta út þarf að finna aðra í stað þeirra. Það verður stjórnarkjör hjá Birtu þar sem kosið verður um tvo aðalmenn og einn varamann. Félagsmenn VM eru í framboði í allar þessar stöður.

Aðalfundur VM gekk vel. Góð mæting var en yfir 50 félagsmenn VM mættu á fundinum og a.m.k. fimm voru á fjarfundi. Formaður sagði að mæting á aðalfundi að meðtöldum þeim á fjarfundi, hafi verið milli 50 til 70. Einar sagði að skv. samstarfsmönnum hans væri föstudagar ekki góðir dagar fyrir aðalfund, fimmtudagar væru betri. Formaður kvaðst hafa kannað mætingu á aðalfundi VM og kom á daginn að fundir í miðri viku voru verr sóttir. Ákveðið að skoða mætingu á aðalfundi betur.

3. Samvinna á Stórhöfða.

Áfram er verið að funda með FIT um næstu skref.

4. Staða ASÍ.

ASÍ þing 27. og 28. í apríl. Sömu fulltrúar verða og voru á fyrri fundinum, hugsanlega með einhverjum breytingum af því einhverjir komast ekki aftur á ASÍ þing. Ef Efling fer úr SGS fer félagið sjálfkrafa í hóp með beinni aðild og verður stærsta félagið þar. Ef Efling fer úr Starfsgreinasambandinu verður Efling félag með beina aðild að ASÍ. Félag með beina aðild eru nú: VM, MATVÍS, flugfreyjur, mjólkurfræðingar og leiðsögumenn. Búið var að ákveða að formaður yrði boðinn fram sem aðalmaður í miðstjórn ASÍ fyrir beina aðild og formaður MATVÍS, sem varamaður

5. Styrkbeiðnir.

Öldungaráð LHG send erindi með hugmynd um að þyrlla LHG, TF-LÍF verði varðveitt á Flugsafni Íslands á Akureyri. Ekki kemur fram í erindinu hvernig ætluin er að standa að því og t.d. kostnaðarpáttöku. Óskað verður eftir nánari uppýsngum.

6. Lagt fram til upplýsingar.

Skýrslur landa vegna fundar Norræna vélstjórasambandsins á Svalbarða, skýrslur: Íslands, Svíþjóðar, Noregi, Finnlandi, Danmörku og Færeyja.

7. Önnur mál.

Heiðranir á sjómannadaginn eru ekki samræmdar eða skipulagðar um allt landið. Í Hafnarfirði og Reykjavík hafa sjómenn verið heiðraðir. Formaður lagði fram lista með tillögum um heiðranir.

Gerð var tillaga um tvo til að heyðra núna og 2 næst.

Spurt var hvort ekki mætti færa fundartíma stjórnarfunda þ.a. þeir byrji fyrr. Fundur sem byrjar í kl. 11:00 slítur daginn svo. Þetta hefur verið rætt áður. Tíminn var ákveðin svo menn komist með flugi utan af landi

Spurt var um greiðslur vegna vinnu samninganefnda. Svar, greitt er fyrir tíma hjá sáttasemjara þar til verkfall er komið á, þá greiddir dagpeningar. Greiðslur vegna vinnu undanfarið verða kláraðar fljótlega.

Bent var á að ekki komi fram á orlofshúsakerfinu „Frímenn“ hvað hús kostar. Það kemur ekki fram fyrr en pantað er.

Umræður um heimasíðu VM. Eitthvað virðist vanta af gömlu heimasíðunni.

Fundi slitið kl. 14:25

Fundargerð ritaði

Halldór Arnar Guðmundsson